

Ásdís Kristjánsdóttir
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Reykjavík, 9. september 2025

Efni: Aðgengi fatlaðs fólks við framkvæmdir á Fannborgarreit

Á 3220. fundi bæjarráðs Kópavogs þann 3.7.2025 var uppfært samkomulag um uppbyggingu á skipulagssvæðinu Fannborgarreit (B1-1) samþykkt með þremur atkvæðum gegn tveimur. ÖBÍ réttindasamtök hafa fylgst vel með framgöngu mála undanfarin ár og hafa gert athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir.

Í minnisblaði yfirlögfræðings Kópavogs dags. 1.7.2025 kemur fram að hún telji að nýtt samkomulag sé til bóta fyrir íbúa á svæðinu en rökstyður ekki að hvaða leyti. Hins vegar er ljóst að ekki hefur náðst leysa öll þau vandamál sem verða til á framkvæmdatíma fyrir íbúa í Fannborg 1-9, svosem fjarlægð bílastæða ætluðum hreyfihömluðum frá aðalinngangi, hindrunarlaust aðgengi íbúa á svæðinu og hljóð- og loftmengun en gera má ráð fyrir að framkvæmdir muni standa yfir í a.m.k. áratug, jafnvel lengur.

Í 6.2.4. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 segir: „Bílastæði hreyfihamlaðra skulu vera sérstaklega merkt á yfirborði og einnig með lóðréttu skilti. [Þau skulu vera sem næst aðalinngangi bygginga, ekki fjær en 25 m.]“

Í bókun bæjarráðs segir:

„Varðandi aðgengismál hreyfihamlaðra tekur meirihlutinn þá gagnrýni alvarlega. Skýrt hefur komið fram að byggingarleyfi verða ekki veitt nema fyrir liggi fullnægjandi og lögbundnar lausnir sem tryggja aðgengi allra, þar með talið þeirra sem reiða sig á stuttar leiðir frá bílastæðum að inngöngum. Meirihlutinn leggur áherslu á að allar framkvæmdir taki mið af byggingarreglugerð og þeim kröfum sem þar eru gerðar.“

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir ýmissa fagaðila hafa áætlaðar framkvæmdir ekki uppfyllt skilyrði byggingarreglugerðar og þrátt fyrir nýsamþykktar breytingar á byggingaráformum. ÖBÍ óskar því hér með eftir skýringu á því hvernig framkvæmdaraðili hyggst uppfylla ákvæði byggingarreglugerðar svo að unnt verði að veita byggingarleyfi.

Breyting á skipulagi og hámarksfjarlægðir

Á miðju framkvæmdasvæði í Fannborg 1-9 býr fjöldi fólks og þar hefur þótt eftirsóknarvert að búa fyrir fatlað fólk og aldraða vegna nálægðar við alla grunnþjónustu. Nokkuð hefur skort upp á bílastæði hreyfihamlaðra við bygginguna en íbúar hafa haft aðgang að bílastæðum við nálægar byggingar um áratugaskeið, sem sumar eru í eigu bæjarins.

Í bréfi skrifstofustjóra umhverfissviðs til bæjarráðs Kópavogs, dags. 28.8.2025, segir:

„Mannvirki eru byggð í samræmi við gildandi lög og reglur hverju sinni. Umrædd grein 6.2.4. í byggingarreglugerð nr. 112/2012 á því við um nýbyggingar eða við breytingar á eldri húsum. Í því tilviki sem hér um ræðir er ekki verið að gera breytingar á eldri húsum, heldur aðeins verið að færa til bílastæði á bæjarlandi.“

Við breytingu á skipulagi þarf að fara eftir þeim skipulagslögum sem eru í gildi hverju sinni. Núgildandi skipulagslög, rétt eins og mannvirkjalögin, byggja á kröfu um aðgengi fyrir alla. Skipulag er forsenda mannvirkjagerðar og því standa mannvirkjalögin á grunni skipulagslaga. Samkvæmt skipulagslögum þarf að gera skilmála um bílastæði þegar deiliskipulag er sett og það má ekki gera í trássi við þær kvaðir sem eru áréttaðar í byggingarreglugerð.

Er það álit Kópavogsbæjar, ef rétt er haft eftir, að sveitarfélaginu sé ekki skylt að virða 25 metra regluna þrátt fyrir breytingu á skipulagi? Er það vilji sveitarfélagsins að virða ekki þarfir fatlaðra íbúa sveitarfélagsins þrátt fyrir bókun í bæjarráði um að ekki skuli veita byggingarleyfi nema að aðgengiskröfur séu uppfylltar?

Raunfjarlægðir frá bílastæðum hreyfihamlaðra að aðalinngöngum bygginga á framkvæmdatíma

ÖBÍ réttindasamtök óska eftir upplýsingum um hversu löng vegalengd í metrum talið er frá næsta bílastæði hreyfihamlaðra í hindrunarlausri umferðarleið að aðalinngangi á hverjum framkvæmdarfasa fyrir sig:

Fannborgar 1
Fannborgar 3
Fannborgar 5
Fannborgar 7 (austur)
Fannborgar 7 (vestur)
Fannborgar 8
Fannborgar 9 (austur)
Fannborgar 9 (vestur)
Digranesvegs 5

Virðingarfyllst,



Andrea Valgeirsdóttir
Lögfræðingur ÖBÍ – réttindasamtaka



Stefán Vilbergsson
Verkefnastjóri ÖBÍ – réttindasamtaka